

Ár 1977, þriðjudaginn 31. maí, var í málinu nr. 10/1977
kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 20. apríl 1977, skaut Njarðvíkurkaupstaður til nefndarinnar ágreiningi, sem risinn var út af skyldu til að svara fasteignaskatti af fasteigninni Hraunsvegur 16 í Njarðvíkurkaupstað. Um er að ræða 360 m³ einbýlishús, sem hefur verið byggt á 637 m² leigulóð. Skráður eigandi er Magnús Gíslason.


Ekki er á valdsviði Yfirfasteignamatsnefndar að fjalla um ágreining út af öðrum fasteignagjöldum en fasteignaskatti, sbr. 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt því er í úrskurði þessum einungis fjallað um skyldu kæranda til að svara fasteignaskatti af umræddri fasteign. Skylda til greiðslu fasteignaskatts af húsinu ræðst nú af skýringu á 1. gr. laga nr. 115/1976 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. marz 1972, en greinin er svohljóðandi:

„Eigi er þó heimilt á árinu 1977 að leggja fasteignaskatt á byggingar, fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar.“


Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafði umrætt hús ekki verið tekið til íbúðar. Við skoðun kom í ljós, að húsið getur heldur ekki talist íbúðarhæft. Samkvæmt þessu og öðrum upplýsingum um ásigkomulag hússins, verður það ekki talið fullgert í skilningi 1. gr. laga nr. 115/1976. Er því ekki skylt að svara fasteignaskatti af því árið 1977. Á hinn bóginn er skylt að greiða fasteignaskatt af lóð hússins.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Óskylt er að svara fasteignaskatti ársins 1977 af húsinu nr. 16 við Hraunsveg í Njarðvíkurkaupstað. Skylt er að greiða fasteignaskatt af lóð hússins.


Pétur Stefánsson


Gaukur Jörundsson


Magnús Thoroddsen